

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. **P 136/1015**
komudagur **4.3.2009**

02. mars 2009

Umsögn um 258. mál, frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, EES-reglur, breyting ýmissa laga.

Vísað er til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dagsett 18. febrúar 2009 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis við ofangreint frumvarp. Eftirfarandi eru athugasemdir við einstakar greinar 1. kafla frumvarpsins um breytingar á lögum um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum.

3. grein:

2. málslíður skilgreinir „mjöltum“ sem frumframleiðslu. Annarstaðar í frumvarpinu mun vera heimiluð sala á frumframleiðslu beint frá búí. Sennilega þýðir þetta að sala á ógerilsneyddri mjólk verður heimiluð frá bónda. Rétt er að þingheimur geri sér grein fyrir því að neyslu á ógerilsneyddri mjólk fylgir aukin hættu á að fólk veikist vegna sýkla sem geta borist með ógerilsneyddri mjólk.

Af heilbrigðisástæðum leggst heilbrigðiseftirlitið gegn því að sala á ógerilsneyddri mjólk verði heimiluð. Sala á gerilsneyddri mjólk beint frá bónda kemur hinsvegar vel til greina.

3. málslíður Skilgreining á „fæðubótarefni“. Hugtakið „Fæðubótarefni“ felur í sér jákvæða merkingu enda er verið að „bæta“ fæðuna. Æskilegt er að hafa hlutlaust heiti yfir þessar matvörur því neysla þeirra er ekki til bóta í sjálfu sér þótt svo sé oft gefið í skyn í markaðssetningu vítamín- og steinefnabættra matvæla. Í reglugerð um fæðubótarefni nr. 624/2004 hefur staðið textinn: „Óheimilt er í merkingu, auglýsingu og kynningu fæðubótarefna að staðhæfa eða gefa í skyn að nægilegt magn næringarefna fái ekki almennt úr rétt samsettri eða fjölbreyttri fæðu.“ Með sjálfu hugtakinu „fæðubótarefni“ er verið að gefa í skyn að dagleg fæða okkar sé annmörkum háð og að við verðum að bæta okkur það upp með því að neyta matvæla sem matvælaíðnaðurinn segir í markaðsetningu sinni að sé okkur nauðsynleg.

Mælt er með því að hiutlaust eða neikvætt hugtak verði valið í stað „fæðubótarefni“. Til dæmis: „fæðu íbætiefni“, „íbætifæði“, „fæðuaukefni“ eða langhundurinn „vítamín- og steinefnaaukið fæði“.

4. grein b. liður:

Í c) lið 6. greinar skv. frumvarpinu kemur fram að Matvælastofnun á að hafa eftirlit með kjötvinnslum og kjötpökkunarstöðvum að undanskildum

kjötvinnsjum sem starfrækt eru í smásöluverslunum. Samkvæmt núverandi lögum hefur Matvælastofnun eingöngu eftirlit með sláturhúsum og kjötvinnsjum í tengslum við þau (c. lið 6. gr. núverandi laga). Með þessu er verið að færa eftirlit með flestum kjötvinnsjum landsins frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna til Matvælastofnunar. Við þetta myndu mörg heilbrigðiseftirlit sérstaklega á landsbyggðinni missa umfangsmikinn þátt í eftirlitsstarfi sínu. Jafnframt myndi vera um vissan tvíverknað að ræða í eftirliti hjá þessum fyrirtækjum því heilbrigðiseftirlitið hefur einnig eftirlit með mengunarvörnum hjá þessum kjötvinnsjum. Ef þessi breyting er samþykkt munu tveir opinberir eftirlitsaðilar koma inn í þessi fyrirtæki. Matvælastofnun myndi skoða matvælaþáttinn en heilbrigðiseftirlitið mengunarvarnirnar. Líklegt er að kostnaður fyrirtækjanna mundi aukast.

Heilbrigðiseftirlitið leggur til að skipan mála verði óbrett og að 4. grein b. liðar frumvarpsins verði breytt á þann veg að c) liðurinn í 6. grein frumvarpsins verði felldur burt.

Í d) lið 6. greinar skv. frumvarpinu kemur fram að Matvælastofnun á að hafa eftirlit með mjólkurstöðvum og eggjavinnsjum. Óvissa virðist hafa ríkt um hvaða eftirlitsaðili hafi átt að sinna eftirliti með eggjaframleiðslu þótt þar sé um frumframleiðslu að ræða í eggjabúum. Nauðsynlegt er því að skýra skiptingu eftirlits.

Þar sem heilbrigðiseftirlit hefur nú eftirlit með mengunarvörnum á eggjabúum er mælt með því að eftirlit með matvælaframleiðslu eggjabúanna verði einnig undir eftirliti heilbrigðiseftirlits til að aðeins einn opinber eftirlitsaðili þurfi að koma þar að.

7. grein

Á aðalfundi Samtaka Heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi árið 2007 var skorað á ráðherra að setja reglur um lágmarksmenntun þeirra sem starfa í matvælaíðnaði sem fyrst. Það er óviðunandi að fólk fari að vinna við framleiðslu og dreifingu matvæla án þess að hafa til að bera lágmarkspækingu um meðferð matvæla, hreinlæti og örveruvöxt og skapar verulega áhættu í þessum geira.

Í 10. línu Lagt er til að textinn hljómi svona: „Ráðherra skal setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið.“

17. grein

Í henni kemur m.a. fram: „Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi opinbers eftirlitsaðila“. Ekki verður annað séð en að þetta ákvæði sé óþarft og það gæti hugsanlega stangast á við uppbyggingu gjaldskrá heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna. Eftirlitsgjöld eru innheimt fyrir eftirlit heilbrigðiseftirlitanna með margháttaðri starfsemi eins og matvæla-, mengandi- og hollustustarfsemi. Það gæti aukið óhagræði og kostnað heilbrigðiseftirlitsins ef innheimta eftirlitsgjalda yrði ólík eftir því hvaða tegund starfsemi er um að ræða.

Lagt er til að textinn „Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi opinbers eftirlitsaðila“ verði felldur brott.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

23. grein a. liður.

Undirritaður telur að áminningar ferillinn í þessari grein þurfi að vera skýrari því óljóst er hvernig skuli beita þeim þvingunarúrræðum sem þarna eru heimiluð. Nauðsynlegt er að endurskrifa greinina og fá til þess kunnáttuaðila í stjórnarsýslulögum.

Áminning er undanfari þess að svipta matvælafyrirtæki starfsleyfi eða stöðva starfsemi þess að hluta en hefur sem slík lítið gildi sem þvingunaraðgerð til að knýja matvælafyrirtæki til aðgerða. Til að knýja á um aðgerðir eru dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda mun árangursríkari aðferðir sbr. málslíð b. (30. gr. a.)

Jafnframt vantar bein ákvæði inn í matvælalögin um kærheimildir eins og þær sem er t.d. að finna í hollustuháttalögunum um að megi kæri ákvarðanir til úrskurðarnefndarinnar skv. lögum nr. 7/1998. Sama á við um kærur ákvarðana vegna starfsleyfa til ráðherra.

Virðingarfyllt



Arni Davíðsson
heilbrigðisfulltrúi